

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Sögusetur íslenska hestsins.

1. gr.
Heiti.

Sjálfseignarstofnunin heitir Sögusetur íslenska hestsins og starfar samkvæmt lögum nr. 19/1988. Stofnunin stundar ekki atvinnurekstur.

2.gr.
Heimili.

Heimilisfang sjálfseignarstofnunarinnar er Hólar í Hjaltadal, Skagafírði.

3. gr.
Tilgangur og starfsemi.

Megintilgangur Sögusetsurs íslenska hestsins er að það verði alþjóðleg miðstöð þekkingar og fræðslu um sögu íslenska hestsins, s.s. uppruna, þróun, eiginleika, notkun og samfélagsleg áhrif hans, frá landnámi til nútíma. Sögusetrið mun safna og varðveita ýmiss konar heimildir um íslenska hestinn, s.s. minjar, myndir, skjöl, hljóðritanir, ritaðar og munnlegar heimildir og þannig skapa honum veglegt heimildarsafn og gera það aðgengilegt almenningi. Þá mun Sögusetrið vinna að rannsóknnum og athugunum á sögu, ræktun og þróun hestsins, eiginleikum hans og allri notkun. Miðstöð Sögusetsursins er að Hólum í Hjaltadal. Þar er m.a. stefnt að því að hafa fasta yfirlitssýningu á sögu hestsins. Einnig mun Sögusetrið standa fyrir ýmiss konar sérsýningum/farandsýningum bæði sögulegum yfirlitssýningum og lifandi þemasýningu bæði innanlands og utan. Sögusetrið mun standa fyrir ýmiss konar fræðslu s.s. málþingum, fyrilestrum, námskeiðum og útgáfustarfsemi fyrir lærða sem leika, unga sem aldna. Þá mun það stuðla að samstarfi á milli áhugafólks, ræktenda, stofnana og annarra aðila sem tengast íslenska hestinum.

4. gr.
Stofnendur.

Stofnendur stofnunarinnar eru Byggðasafn Skagfirðinga, kt. 550652-0139, Glaumbæ, 560 Varmahlíð og Hólaskóli, kt. 500169-4359, Hólum í Hjaltadal, 551 Sauðárkróki.

5. gr.
Framlag stofnenda.

Stofnfé er alls krónur 1.852.000.

Byggðasafn Skagfirðinga leggur til alls krónur 926.000 og Hólaskóli leggur til alls krónur 926.000.

6. gr.
Stjórn.

Stjórn stofnunarinnar skal skipuð þremur mönnum og þremur til vara. Stjórnin skal valin til fjölgurra ára í senn. Stjórn stofnunarinnar skal valin af stofnendum þannig að Byggðasafn Skagfirðinga velur einn stjórnarmann og annan til vara. Hólaskóli velur einn stjórnarmann og annan til vara. Stofnendur velja sameiginlega þriðja stjórnarmanninn og annan til vara. Stjórnarmaður getur hvenær sem hann óskar látið af stjórnarstörfum. Láti stjórnarmaður af stjórnarstörfum tekur varamaður sem tilnefndur var af sama aðila og viðkomandi stjórnarmaður, sæti hans í stjórn. Skal þá nýr varamaður valinn í stjórn með sama hætti og greinir í 1. mgr.

Fyrsta stjórn Sögusetsurs íslenska hestsins skal valin á stofnundi.

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum, en valinn skal formaður stjórnar úr hópi stjórnarmanna. Stjórnin skal sjá til þess að skipulag og starfsemi stofnunarinnar sé jafnan í réttu og góðu horfi. Undirritun meirihluta stjórnar skuldbindur stofnunina. Stjórn stofnunarinnar getur veitt umboð fyrir stofnunina.

Þóknun til stjórnarmanna skal ákveðin á ársfundi félagsins.

7. gr.

Stjórnarfundir.

Formaður stjórnar boðar til stjórnarfunda. Hver stjórnarmaður getur krafist stjórnarfundar. Sama rétt á forstöðumaður. Boða skal til stjórnarfunda með tryggilegum hætti. Stjórnarfundir eru lögmaðir ef meirihluti stjórnar sækir fund. Mikilvæga ákvörðun má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi fjallað um málið, sé þess nokkur kostur. Afl atkvæða ræður afgreiðslu mála. Aðalatriði þess sem fram fer á stjórnarfundum skal fára til bókar.

Stjórnarmaður má ekki taka þátt í meðferð einstaks málს ef það málefni sem fyrir liggar til ákvörðunar skiptir hann verulegu máli fjárhagslega eða siðferðilega.

8. gr.

Forstöðumaður.

Stjórn stofnunarinnar ræður forstöðumann og ákveður starfskjör hans. Forstöðumaður hefur með höndum stjórn á daglegum rekstri stofnunarinnar og kemur fram fyrir hönd hennar í öllum málum sem varða venjulega starfsemi og rekstur. Hann sér um reikningshald, gerð rekstraráætlunar og ráðningu starfsliðs. Forstöðumaður á rétt til setu á stjórnarfundum þótt hann sé ekki stjórnarmaður. Forstöðumanni ber að veita stjórnarmönnum og skoðunarmönnum/endurskoðendum allar upplýsingar um rekstur stofnunarinnar, sem þeir óska eftir og veita ber samkvæmt lögum.

9. gr.

Fjárlögun.

Stofnunin veitir viðtoku styrkjum og öðrum fjárframlögum til starfsemi sinnar. Henni er óheimilt að taka lán, veðsetja eða selja fasteignir án samþykkis sýslumannsins á Sauðárkróki.

10. gr.

Val endurskoðenda.

Stjórn stofnunarinnar skal velja einn eða fleiri skoðunarmenn eða endurskoðendur (eða endurskoðendafélög) ásamt varamönnum til að endurskoða reikninga stofnunarinnar fyrir hvert starfsári. Skoðunarmenn/endurskoðendur má ekki kjósa úr hópi stjórnarmanna eða starfsmanna félagsins.

11. gr.

Reikningsárið.

Starfsári og reikningsári stofnunarinnar skal vera almanaksárið. Stjórnin skal hafa lokið gerð ársreiknings og lagt hann fyrir skoðunarmenn/endurskoðendur eigi síðar en 31. mars ár hvert. Endurskoðun reikninga skal lokið fyrir maílok ár hvert. Fyrsta reikningstímabilið er frá stofnun sjálfseignarstofnunarinnar og til næstu áramóta.

12. gr.

Ársfundur.

Stjórnin skal halda ársfund þar sem reikningar og starfsemi stofnunarinnar frá fyrra ári er kynnt sérstaklega fyrir stofnendum, en ársfundurinn skal vera öllum opinn sem hann vilja sækja. Á ársfundum skal jafnframt tilkynnt um val á stjórnarmönnum sé kjörtímbil þeirra á enda. Ársfundur er upplýsingafundur og hefur fundurinn ekki ákvörðunarvald vegna starfsemi stofnunarinnar. Samþykktir ársfundar fela aðeins í sér tilmæli til stjórnar stofnunarinnar og eru ekki bindandi. Ársfundurinn skal haldinn fyrir júnílok ár hvert.

Stjórn stofnunarinnar skal skylt að veita stofnendum sérstaka skýrslu eða skýringar varðandi einstaka þætti starfseminnar samkvæmt beiðni þar um og svara þeim fyrirspurnum sem að henni er beint frá þessum aðilum, eftir því sem unnt er.

13. gr.

Ráðstöfun eigna og hagnaðar.

Hagnaði sem verður af starfsemi stofnunarinnar skal varið til þeirra verkefna er greinir í 3. gr. samþykktar þessarar. Þó er stjórn hennar heimilt að leggja sanngjarna fjárhæð til hliðar til að tryggja fjárhagsstöðu og áframhaldandi rekstur stofnunarinnar.

Hugsanlegt tap af starfsemi stofnunarinnar verður greitt úr sjóðum stofnunarinnar eða fært á næsta reikningsári.

14. gr.

Breyting á skipulagsskrá.

Heimilt er að breyta skipulagsskrá þessari með samþykki allra stjórnarmanna stofnunarinnar. Til að auka skuldbindingar stofnenda þarf samþykki þeirra.

15. gr.

Slit stofnunarinnar.

Með tillögum um slit og skipti á stofnuninni skal fara sem um breytingar á skipulagsskrá þessari skv. 14. gr. Komi til þess að stofnunin verði lögð niður skulu eignir hennar renna til hliðstæðra verkefna sem tilgreind eru í 3. gr.

16. gr.

Reikningar.

Stjórn sjálfseignarstofnunarinnar skal ganga frá reikningum stofnunarinnar fyrir 1. júní ár hvert. Þeir skulu endurskoðaðir af skoðunarmanni/endurskoðanda sem stjórn stofnunarinnar ræður til eins árs í senn.

17. gr.

Staðfesting sýslumanns.

Leita skal staðfestingar sýslumannsins á Sauðárkróki á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá nr. 19/1988.

F.h. sýslumannsins á Sauðárkróki, 8. febrúar 2013,

Björn Ingi Óskarsson.

Auður Steingrimsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 25. febrúar 2013